

## Tillaga til bæjarráðs

**Tillögu flytjandi: Fulltrúar B, C og S lista**

**Dags: 27. mars 2022**

---

### Tillaga:

Lagt er til að umhverfissviði verði falið að skoða eftirfarandi:

- Mæla fyrir gervigrasknattspyrnuvelli á núverandi aðalvelli að Varmá sem uppfyllir skilyrði samkvæmt UEFA 2 reglugerð hvað stærð, öryggissvæði o.s.frv. varðar. Miðað verði við að völluminn verði færður austar sbr. liður 2. Uppfæra núverandi kostnaðarmat sem taki tillit til færslu á vellinum.
- Mæla fyrir 200m frjálsíþróttabraut með 4 hlaupabrautum allan hringinn, 6-8 brautum á öðrum beina kaflanum og frjálsíþróttastöðu í miðjunni. Gera nýtt kostnaðarmat.
- Mæla fyrir 1500+ manna stúku milli gervigrasvalla sem uppfylli skilyrði samkvæmt UEFA 2 reglugerð hvað stærð varðar. Uppfæra kostnaðarmat sem taki tillit til stækkun stúkunnar frá upphaflegri áætlun og færslu.

### Greinargerð:

Meirihluti B, C og S lista hefur lagt mikla áherslu á að framtíðarsýn fyrir Varmásvæðið verði metnaðarfull og sýnileg fyrir bæjarbúa og alla hagaðila. Á kjörtímabilinu stendur til að endurnýja báða knattspyrnuvellina á svæðinu. Áður en það verður gert þarf að taka ákvarðanir um hvernig samnýting svæðisins geti orðið sem best. Mikilvægt er að leita til helstu sérfræðinga á þessu sviði til að aðstoða við útfærsluna á frjálsíþróttabrautinni.

Miðað við þær upplýsingar sem hefur verið aflað frá sérfræðingum og forsvarsmönnum frjálsíþrótt- og knattspyrnuhreyfingarinnar lítur út fyrir að gervigrasknattspyrnuvöllur og frjálsíþróttavöllur fari illa saman. Krafa um að hafa gervigras á keppnisvöllum í knattspyrnu breytir möguleikum á samspili frjálsra íþrótt- og knattspyrnu. Hætta er því á að ef lagt er upp með að hönnun svæðisins við endurnýjun vallarins verði áfram eins og hann var byggður upp fyrir rúmum 30 árum muni það hvorki uppfylla þarfir frjálsíþrótt- né knattspyrnudeildar Aftureldingar til framtíðar.

Þegar gervigras er sett á knattspyrnuvöll er búið að koma í veg fyrir að hægt sé að þjálfa kastgreinar í frjálsum á því svæði og því þarf að búa til auka svæði til hliðar. Fyrirséð er að mikil notkun verði á gervigrasknattspyrnuvellinum þar sem hann verður aðal keppnisvöllur Aftureldingar með stúku og öllu tilheyrandi. Iðkendafjöldi í knattspyrnudeild er u.þ.b. 730 og því má gera ráð fyrir að spilaðir verði rúmlega 400 leikir á ári í 11 manna bolta. Þannig yrði gengið verulega á möguleika frjálsíþróttadeildar til að æfa á sama tíma og af öryggisástæðum væri ekki hægt að bjóða upp á slíkt.



Af þessum ástæðum er lagt til að skoðaðir verði möguleikar á því að færa aðalvöllinn (núverandi grasvöll) austar á svæðið og hafa 200 metra hlaupabraut og frjálsíþróttasvæði við enda vallarins þar sem núverandi vallahús stendur. Þannig verði aðal inngangur á knattspyrnuvöllina að austanverðu (hjá Brúarlandi) sem léttir á aðkomunni á svæðinu í heild.

Norðmenn eru með margar 200 metra hlaupabrautir utandyra með stökk og kastsvæði í miðjunni og upplýsingar þaðan benda til að þetta séu frábær svæði fyrir þjálfun barna og unglinga en ekki síður mikilvægt fyrir íþróttaiðkun almennings og skólasamfélagið (á norsku fripláss). Áhugavert væri að skoða þessa þróun nánar með tilliti til þeirrar endurnýjunar á skólalóðum sem munu fara fram á svæðinu á næstu misserum. Skólalóðir og íþróttasvæði hafa mikil áhrif á gæði umhverfis og stuðla að bættri lýðheilsu.

Á Íslandi eru nokkrar 200 metra hlaupabrautir en þær eru allar innandyra og hafa reynst vel. Samkvæmt upplýsingum sem við höfum fengið eru þjálfarar ánægðir með að þjálfa á þessum minni brautum og þá sérstaklega í barna- og unglिंगastarfi. 200 metra hlaupabraut og frjálsíþróttasvæði utandyra að Varmá gæti gert frjálsíþróttadeild Aftureldingar kleift að halda úti góðum æfingum fyrir börn og ungmenni.

Þegar endurbótum verður lokið höfum við væntingar um að svæðið verði aðgengilegt og áberandi. Við höfum trú á því að ný frjálsíþróttastaða muni höfða til ungra iðkenda í frjálsum og vonandi fjölga þeim þannig að í framtíðarsýninni á uppbyggingu íþróttamannvirkja yrði gert ráð fyrir stærra frjálsíþróttasvæði á vestursvæði eða samhliða uppbyggingu íþróttamannvirkja á Blikastaðalandi.

Mosfellsbær er vaxandi sveitarfélag og þar af leiðandi hefur iðkendafjöldi Aftureldingar aukist sem er vissulega ánægjulegt. Það hefur þó haft í för með sér vaxtaverki sem lúta að því að reyna að vera með fullkomna aðstöðu fyrir 11 greinar á sama svæði. Því er afar mikilvægt að koma með framtíðarsýn hvað varðar uppbyggingu íþróttasvæða og að taka þá tillit til þeirrar fjölgunar sem orðin er og mun verða.

Varmásvæðið er komið að þolmörkum en þar þarf jafnframt að fjárfesta talsvert í aðstöðu til að uppfylla nútímakröfur um aðstöðu til hvers kyns íþróttaiðkunar. Við viljum taka góðar ákvarðanir þar sem tekið er tillit til ólíkra þarfa, fjölda iðkenda, öryggismála og síðast en ekki síst þeirrar ímyndar sem Mosfellsbær hefur skapað sér sem heilsueflandi samfélag. Við viljum vera leiðandi þegar kemur að aðstöðumálum og íþróttaiðkun barna og fullorðinna.